

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð hjartasjúklinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður hjartasjúklinga.
Kennitala 491006-1020.
Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins var kr. 2.000.000, en það voru framlög frá einstaklingum og fyrirtækjum vegna kaupa á minningakortum á vegum Landssamtaka hjartasjúklinga. Þegar stofnfé sjóðsins hefur sjökomma-fimmfaldast má aldrei skerða þann stofn.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15.000.000 þann 20. október 2012.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að aðstoða hjartasjúklinga á margvíslegan hátt svo sem:

1. Með styrkveitingu í langvarandi veikindum að loknum lög og samningsbundnum greiðslum.
2. Styrkja hjartasjúklinga sem fara í kostnaðarsamar aðgerðir erlendis.
3. Taka þátt í kostnaði við endurhæfingu hjartasjúklinga og námskeiða fyrir fagaðila til aukinnar þekkingar við meðferð hjartasjúklinga.
4. Veita styrki til tækjakaupa.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög vegna sölu minningarkorta.
2. Verðbætur og vextir.
3. Framlög til sjóðsins og annað fé, svo sem áheiti og gjafir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og einn til vara. Stjórnin er kjörin á aðalfundi Hjartaheilla til 3ja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Stjórnin ber ábyrgð á eigum og rekstri sjóðsins, heldur fundargerðabók þar sem allar ákvarðanir eru færðar til bókar, samþykktar og undirritunar í lok hvers fundar.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fánlegum kjörum á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu löggiltir endurskoðendur Hjartaheilla endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu reikningar lagðir fram árlega, eigi síðar en í lok maí, fyrir stjórn Hjartaheilla.

7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur á móti umsóknunum og ákveður úthlutun úr sjóðnum. Beiðni um styrkveitingu skal skilað á umsóknareyðublaði sjóðsins til skrifstofu Hjartaheilla ásamt viðeigandi gögnum. Framkvæmdastjóri Hjartaheilla sér um greiðslur samkvæmt ákvörðun stjórnar.

8. gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar sjóðsins ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Hjartaheilla.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að tillaga um það komi frá meirihluta stjórnar sjóðsins og að tillagan verði samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Hjartaheilla.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari. Með gildistöku þessarar nýju skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð hjartasjúklinga, nr. 999/2006.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 27. nóvember 2012.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.